

Ár 2008, miðvikudaginn 16. júlí, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 10/2008:

A
og
B.

Úrskurðinn kveða upp Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, Amfríður Einarsdóttir lögfræðingur og sr. Hreinn Hákonarson.

Upp er kveðinn svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

1. MÁLSAÐILAR

Málshefjandi er A, sbr. erindi hans til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar dags. 30. apríl 2008, móttekið 5. maí s.á. Erindi málshefjanda beinist að B.

2. KRÖFUGERD

Málshefjandi krefst þess að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar úrskurði að B sinni ekki starfi sínu og grípi til viðeigandi úrræða gagnvart þeim. Jafnframt að B verði skikkað til að senda málshefjanda gögn sem hann óskaði eftir 15. apríl 2008.

3. MÁLAVEXTIR

Málavöxtum lýsir málshefjandi svo að hann hafi 25. febrúar 2008 beðið C prófast ...prófastsdæmis um að staðfesta hvort dóttir hans hafi verið skírð í ...kirkju 2. febrúar 2008 og senda honum öll gögn þar að lútandi. Prófastur hafi svarað honum 3. mars 2008 og bent málshefjanda á að hann fengi ekki þessi gögn. Þau væru send til Þjóðskrár og að málshefjandi ætti rétt á þessum gögnum þaðan. Jafnframt hafi prófastur bent honum á hvenær skrifstofa ...kirkju væri opin og að hann gæti óskað gagnanna hjá starfsmönnum kirkjunnar. Hinn 18. mars sl. segist málshefjandi hafa kvartað til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar yfir þessum viðbrögðum prófastsins.

Málshefjandi skýrir frá því að hann hafi hinn 5., 11. og 19. mars 2008 farið til Þjóðskrár til að fá gögn frá ...kirkju um skírni dóttur hans. Í ekkert skiptanna hafi gögnin verið komin til Þjóðskrár. Hinn 1. apríl sl. hafi hann því sent biskupi bréf og óskað eftir því að embætti hans sendi onum gögnin um skírni. Biskup hafi svarað 3. apríl og sagt að þar sem búíð væri að kæra málið til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar væri honum ekki fært að svara málaleitan hans, meðan málið væri í þeim farvegi.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar hafi 14. apríl sl. vísað frá nefndinni erindi hans gagnvart C prófasti.

Í ljósi úrskurðar nefndarinnar hafi málshefjandi farið sama dag með bréf á Biskupsstofu þar sem hann óskaði aðgangs að öllum skjölum og gögnum er vörðuðu hann eða dóttur hans. Svar hafi ekki borist frá Biskupsstofu þegar hann sendi úrskurðarnefnd kvörtun sína hinn 30.

apríl sl. Hinn 15. apríl sl. hafi hann sent bréf til B og óskað eftir öllum gögnum varðandi skírmina. D ritari ...kirkju hafi svarað erindi hans 22. apríl og sent honum ljósrit úr Prestsþjónustubók ...kirkju þar sem starfsmaðurinn segi að umbeðnar upplýsingar komi fram.

4. NIÐURSTAÐA

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar segir að rísi ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða ef starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot þá geti hver sá sem hagsmuna á að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar, sbr. 13. gr. sömu laga.

Sérstakar starfsreglur hafa verið settar um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998. Samkvæmt 5. gr. starfsreglnanna skal úrskurðarnefndin, þegar beiðni um úrlausn hefur borist henni, meta hvort úrlausnarefnið heyri undir nefndina. Í því felst að meta hvort úrlausnarefnið teljist ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða hvort um siðferðis- eða agabrot sé að ræða.

Í úrskurði sínum vegna mála 2, 3 og 4/2008 komst áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar að því að ágreiningur á kirkjulegum vettvangi skyldi telja ágreiningur innan þjóðkirkjunnar en ekki ágreiningur milli þjóðkirkjunnar eða einstakra starfsmanna hennar og þeirra sem standa utan hennar. Í siðferðis- og agabroti felist þegar einhver sem hagsmuna á að gæta sakar starfsmann þjóðkirkjunnar um slíkt brot.

Kröfugerð málshefjanda er sprottin af því að hann er ósáttur við það að B hafi ekki svarað erindi sem hann sendi til ...kirkju 15. apríl s.l.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að með bréfi D ritara ...kirkju hafi umræddu erindi málshefjanda verið svarað með fullnægjandi hætti.

Þegar af þeirri ástæðu er efnisleg umfjöllun um erindi málshefjanda óþörf. En jafnvel þótt efnisleg umfjöllun hafi verið nauðsynleg þá snýr óánægja málshefjanda að því hvernig B sinni starfskyldum sínum. Mat á því hvernig B sinna störfum sínum getur að mati úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar hvorki talist ágreiningur á kirkjulegum vettvangi né er unnt að telja að í erindi málshefjanda felist ásökun um siðferðis- eða agabrot af hálfu viðkomandi starfsmanna. Þá er ekki í erindinu tilgreint til hvaða starfsmanna erindið beinist.

Þegar af þeim ástæðum myndi efnisleg umfjöllun um erindi málshefjanda ekki falla undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Erindi málshefjanda er vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar ákvað að bíða með afgreiðslu erindisins þangað til fyrir lægi niðurstaða áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar vegna mála nr. 2/2008, 3/2008, 4/2008 og 5/2008. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar vísaði öllum málunum frá nefndinni og málshefjandi skaut þeirri niðurstöðu til áfrýjunarnefndarinnar.

Úrskurðarorð:

Vísað er frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar kröfu málshefjanda A um að B sinni ekki starfi sínu og grípi til viðeigandi úrræða gagnvart þeim.


Vísað er frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar kröfu málshefjanda um að B verði skikkað til að senda málshefjanda gögn sem hann óskaði eftir 15. apríl 2008.

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga nr. 78/1997 innan þriggja vikna frá því að málsaðilum var tilkynnt um hann.¹

Reykjavík, 16. Júlí 2008.



Dögg Pálsdóttir



Arnfríður Einarsdóttir



sr. Hreinn Hákonarson

¹ Skv. 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 greiða málsaðilar að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila. Ef telja má sanngjarnt og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan málskostnað.